



# Umhverfis- og menningardagur Grundfirðinga

haldinn að tillögu fræðslu- og menningarmálanefndar  
og einstaklinga í bænum  
laugardaginn 20. maí 2006.



## Dagskrá

- Kl. 10.00-14.00 Tiltekt í görðum og á opnum svæðum.  
**Nú er tilvalið að hreinsa og snyrta umhverfið!**  
**Götur, hverfi eða hópar eru hvattir til að leggjast á eitt við að fegra umhverfi sitt.**
- Rusl í sorppokum má setja út fyrir lóðamörk – verður sótt.
  - Mold í körum er hægt að nálgast endurgjaldslaust á Gilóseyrum.
  - Salt til illgresiseyðingar er einnig hægt að nálgast á Gilóseyrum.
  - Gámur fyrir garðaúrgang er fyrir utan gámastöðina við Ártún.
  - Þarftu að losna við ónýtan bíl? Hefurðu spurningar eða ábendingar um það sem betur má fara á opnum svæðum í bænum? Hafðu samband við verkstjóra áhaldahúss í síma 691-4343.
- Eftir kl. 14.00 Starfsmenn áhaldahúss fara um bæinn og hirða rusl utan lóða.
- Kl. 10.00-12.00 **Trjáplöntusala við Sögumiðstöðina – Ræktunarstöðin Lágafelli**  
Breytt ásýnd - skjól í bæinn:  
Þórður Runólfsson, skógfræðingur, veitir ráð um gróðursetningu og val á trjáplöntum.
- Kl. 10.00-16.30 **Opið hús í Sögumiðstöðinni**  
**Kynningarspjöld á veggjum Sögumiðstöðvar:**
- Skógræktarfélag Eyrarsveitar – ljósmyndir - fyrr og nú
  - Elstu trén í Grundarfirði
  - Plöntukynning Skógræktarfélagsins
  - Kynning Bókasafnsins: úrval bóka um ræktun og umhverfismál
- Kl. 15.00-16.30 **Jarðgerð, safnkassar**  
Gunnar Njálsson og Jóhanna Halldórsdóttir kynna og svara spurningum.  
**Spurt og svarað.** Félagar í Skógræktarfélaginu standa vaktina.
- Kl. 15.30-16.30 **Punkturinn yfir i-ið: dagskrá í Sögumiðstöðinni**
- **Söngur og hljóðfæraleikur** – m.a. krakkar úr Grunnskólanum og Tónlistarskólanum með atriði.
  - **Skjólbeltaræktun bæjarfélagsins.** Glærusýning og kynning hugmynda um skipulag fyrir skjólbeltaræktun ofan byggðar.
  - Kynningarbás **Vistverndar í verki** á staðnum - bolir og „buff“ Landverndar verða til sölu.
  - **Visthópar** – kynning: Ingibjörg Torfhildur og Sigurborg Kr. Hannesdóttir.
  - **Kynning á viðurkenningum** fyrir þátttöku í keppninni „Ljóð unga fólksins“ sem 10 og 11 ára börn í Grundarfirði tóku þátt í í mars. Tveir strákar fá ljóð sín birt í bók sem kemur út bráðlega.
- Veitingar: Kaffibolli og kleina – fjáröflun 9. bekkjar.*

Allir geta lagt eitthvað af mörkum - gerum bæinn okkar snyrtilegan fyrir sumarið!

Undirbúningshópur